

OG ÞÓ TRÚA ÞEIR Á ANDAHEIM!

I

Light (Ljósið) hefir lengi verið merkasta tímarit breskra spiritista, og komu þar við og við greinar eftir mig frá því nóv. 1925 — 16. júní 1941. Voru ritstjórar þessi ár D. Gow og síðan G. L. Lethem, báðir miklir gáfumenn og góðgjarnir. Light flutti þannig á fyrstu síðu grein um Nýal, og einhverntíma seinna aðra, sem nafn mitt stóð yfir. Eftir að styrjöldin hófst, dapraðist „Ljósið“ mjög, svo að ég hélt jafnvel, þegar ég hætti að fá það, að nú væri það alveg slokknad. En svo var þó ekki. Hefir það nú fyrir alllöngu verið hresst við og kemur út sem mánaðarrit. Skömmu eftir að ég var farinn að fá „Ljósið“ aftur, sendi ég þangað grein sem miðaði til að greiða fyrir hinum svo afaráriðandi skilningi á því, að framlífið er ekki neitt óskiljanlegt andalíf í óskiljanlegum andaheimi, heldur alveg eins jarðneskt og líkamlegt og frumlífið (lífið hér á jörðu). Ég fékk greinina endursenda með þeirri athugasemd, að fólkinu líkaði þetta ekki, líffræði og spíritismi ættu ekkert saman að sælda. Það var nýr ritstjóri, H. Murton, sem endursendi greinina, ófað einnig gáfumaður, þó að hann jafnist, ef til vill, ekki alveg við fyrirrennara sína. Kvaðst hann kannast vel við mig og þessa kenningu mína, en auðfundið, að hann var henni mótfallinn. Og að vísu hafði mér ekki verið ókunnugt um, að í starfsliði blaðsins voru einhverjir, sem höfðu óbeit á kenningu minni, þó að þeir fengi því ekki ráðið, að greinum mínum væri hafnað, meðan þeir voru ritstjórar Gow og Lethem. Og nokkru eftir að Murton hafði skrifað mér, kom í „Light“ grein eftir einn af þessum andstöðumönnum mínum, sem sýndi, að honum var ekki ókunnugt um það,

sem stjörnufræði nútímans kennir um mikilleika heimsins, hinar ótölulegu vetrarbrautir með þúsundum milljóna sólna. En hann lýkur grein sinni með því að spyrja, hvort ekki sé undursamlegt að hugsa sér, að allur þessi svo óskiljanlega mikli heimur hafi skapaður verið til þess að komið gæti fram á einni, tiltölulega örlítilli jarðstjörnu, mannlíf, sem svo, eftir dauðann á þessari jörð, væri haldið áfram (á algerlega óskiljanlegan hátt!) á einhverju æðra, andlegu (sömu-leiðis gersamlega óskiljanlegu!) tilverusviði.

Furðuleg er önnur eins fávíska og þetta, og óumræðilega stórskadleg. Því að hún getur ekki samrýmst neinum skilningi á tilgangi lífsins. En það sem á riður en nú einmitt að skilja eðli og tilgang lífsins. Skilja hvernig þar kemur fram viðleitni hins skapandi máttar á að ná þeim tökum, að í alheimi geti fullkomnun komið í stað ófullkomnunar. Takmarkið er samstilling lífsins í alheimi. En býsna langt er að því marki, og vitanlega alveg ómögulegt að komast þar nokkuð áleiðis meðan menn hafa ekki einu sinni uppgötvað lífið á öðrum jarðstjörnum alheimsins. Með þeirri uppgötvun er m. a. fundin leið til að fá miklu fullkomnara samband við framliðna en annars væri kostur. Það samband, sem fengist hefir með spíritista aðferðum, hefir alltaf verið tiltölulega sjaldgæft, og alltaf mjög ófullkomið, en stundum hættulegt og amasamt, af því að um samband við illa tilverustaði hefir verið að ræða. Að koma þessu sambandsmáli í rétt horf er því mjög þýðingarmikið, og ekki get ég annað en furðað mig á, að svona illa skuli hafa gengið að koma fram hinum nauðsynlega undirstöðuskilningi í þessum efn-um, svo auðvelt sem virðist að meta rétt ýmsar staðreyndir sem ég hefi verið að benda á í því sem ég hefi ritað. En ekki stoðar að gefast upp við þessa tilraun, þó að tregt gangi, og skal nú enn bent á eitt og annað, sem ætti að geta stutt að hinum nauðsynlega skilningi.

II

Eftir styrjöldina fyrri komu út ýmsar spíritistabækur sem að gagni virtust geta orðið við tilraunir til að koma fram

hinum rétta skilningi á lífinu eftir dauðann, og voru þar merkastar bækur Wards, „Gone West“ og „A Subaltern in Spirit Land“, og hefi ég ritað um þær í Framnýal (kaflanum Náttúrusaga Vítis, og víðar). Ekki hefi ég orðið þess var, að líkt því eins merkar bækur hafi komið út eftir styrjöldina síðari, enda ekki langt um liðið síðan henni lauk. Þó mætti nefna eftirtektarverða bók eftir prestinn Drayton Thomas, sem heitir „From Life to Life“, en ég hefi í Framnýal sagt frá mjög eftirtektarverðri tilraun, sem hinn framliðni faðir þessa merkisprests gerði til að koma honum í skilning um, hvers eðlis lífið er eftir dauðann, og hvernig sú tilraun mistókst með öllu. Þessa nýja bók sr. Thomasar sýnir vísu, að hann er enn á andatrúarstiginu, en þó er þar ýmislegt fróðlegt, sem vert er að vekja eftirtekt á. Þannig segir hinn framliðni Edgar (s. 12): „Minn nýi heimur er svo líkur yðar heimi að sumu leyti, að mér liggur stundum við að gleyma í bili, að ég hefi dáið.“ S. 20. segir Edgar (hermaður sem fallið hafði í fyrri styrjöldinni): „Þegar ég kom hérna, fann ég héruð, tré og blóm.“ S. 41 segir framliðin kona: „Við vinnum margt með höndunum, og okkur þykir gaman að því að færa til hlutina með höndunum, eftir gömlu aðferðinni.“ Ennfremur segir hún: „Allt er fyrir hendi, sem gerir lífið þess vert, að því sé lifað. Ég hefi jafnvel garð, og allt í kring er mjög fagurt.“ Og enn (s. 42): „Við Edgar ferðumst talsvert, þið munduð kalla það að fljúga ... Löndin hjá okkur eru eins og eftirmyndir af löndunum á jörðinni. Hjá okkur er England og Frakkland, og svo framvegis.“ Edgar segir (s. 49): „Faðir minn hafði ekki verið neitt hamingjusamur, en nú (þegar hann er framliðinn) getur hann gert þetta, sem hann árangurslaust þráði að geta gert á jörðinni.“

S. 55 segir hinn framliðni William: „Það er ómögulegt að gera of mikið úr því, hvílík hjálp það er að vita áður en dáið er, hvernig lífinu eftir dauðann er háttað.“

Maður mjög dýrðlegur ásýndum kemur til Williams og býður honum ásamt mörgum öðrum að koma með sér í ferð; er maður þessi frá annarri veröld (world), enda auðsjáanlega um ferðalag til annarrar jarðstjörnu að ræða. Williams

baðar sig nú og hefir fataskipti og fer svo með hinum skínandi leiðtoga sínum til staðar þar sem aðrir honum líkir höfðu safnast saman. Allur hópurinn tekst svo á loft og svífur þangað til þeir koma á 7. sviðið. „Er það land dásamlegt. Grasið, blöð trjáanna og blómin voru ennþá dásamlegri að fegurð en á hans sviði,“ og þykir honum þó fagurt þar. Háar liljur vaxa á því sem honum tilsýndar virðist líkjast mest grænum flauelsdúk, en er, þegar hann gætir betur að, ákaflega fagurt og smábert gras;“ og er þarna eins og dálítill bending um, að fegurð hinna slegnu túna nái jafnvel til himnaríkis. Þá er það heldur ekki ótrúlegt, þegar Williams segir um hinn skínandi leiðtoga í þessu ferðalagi „andanna“ (sem auðsjáanlega eru þó einmitt ekki andar) frá hinu lægra sviði: „Þegar hann talaði við oss, þá fannst oss sem hann væri að gera oss ljóst, hversu einfaldur (þ. e. auðskilinn) er hin guðlegi tilgangur.“ En sá tilgangur er hin vaxandi samstilling, sem á að ná jafnvel til lífsins í alheimi, og eru engir erfiðleikar á að skilja það, að einhverjum af þeim, sem svo langt eru komnir, að lýsir af þeim, reynist auðvelt að fá þá sem hann er að fræða, til að skilja þann tilgang.

S. 57 segir Edgar: „Þabba þykir alltaf gaman þegar gamlir kunningjar koma, að sjá hversu undrandi þeir eru, þegar þeir komast að raun um, að umskiptin (er þeir dóu) hafa verið lítið meiri en að ganga úr einu húsi í annað.“

S. 63 segir William frá því, hvílikur skapléttir það hafi verið honum, sem var orðinn gamall og heilsubilaður, að finna, eftir að hann er dáinn, að líkami hans er ungur og hraustur. Hann kallar nú raunar þennan líkama „etheric“, en það er misskilningur, og sennilegt, að það orð sé að rekja til miðils eða viðtakanda (stillis), en ekki til hins framliðna sjálfs.

Eitt spakmæli finn ég í þessari bók sr. Thomasar (s. 75), og er það að vísu mikilsvert: „Without willingness to receive it, Truth is unperceived: Sannleikur sem menn eru ófúsir á að þiggja, fer framhjá þeim.“

Og má að vísu segja, að þetta spakmæli sannast á sr. Thomas sjálfum, því að þó honum sé, að heita má, í hverju

orði sagt „handanað“, að lífið eftir dauðann sé líkamlegt og jarðneskt, þá trúir hann jafnt eftir sem áður á andalíf í andaheimi.

III

Ég hefi áður, einnig í Framnýal, getið um Mrs. Rhys Davids, hina miklu lærdóms- og gáfukonu, en þó er miklu fleira af henni að segja, sem eftirtektarvert er og að gagni gæti orðið. Mrs. Rhys Davids er D. Litt. (Doctor Litterarum), M. A. (Master of Arts) og háskólakennari. Henni tókst að þroska hjá sér sambandshæfileika eftir að hún hafði misst son sinn, mikinn efnismann, í heimsstyrjöldinni fyrri. Bókin sem ég hefir fyrir mér heitir: „More about the Hereafter“. Hefir hún talað við marga framliðna aðra en son sinn. Orðin spirit, soul, plane og sphere, eru mikið notuð í spíritistaritum, en hinir framliðnu sem „tala“ við hina miklu lærdómskonu, nota þau ekki, og segir einhver við hana: „Þessi orð eiga ekki fremur við oss sem framliðnir erum, en yður á jörðinni.“ Hinn mikli náttúrufræðingur A. R. Wallace segir við hana: „Við hittum á jörðinni svo marga sem hafa hugann á því sem í rauninni skiptir engu. Wallace var kominn yfir nírætt þegar hann dó, en finnur þegar hann kemur „yfrum“, að hann er orðinn ungur aftur. (Sbr. það sem haft er eftir William í bók sr. Thomasar). Hinum mikla náttúrufræðingi þykir sérstaklega ástæða til að gleðjast yfir því, hvað hann er sem framliðinn orðinn röskur göngumaður. Annar framliðinn lætur í ljósi við frúna ánægju sína yfir því, að hún skuli hafa hug á að fræðast um lífið eftir dauðann. Einn segir: „We need to see man as a link between the worlds,“ og virðist mér sem orð þessi muni geta lotið að hinu nauðsynlega lífs sambandi milli stjarnanna.

Newton segir við hana: „Hjá oss „blygðast“ maður sín ekki fyrir að láta sjá sig klæðlausan, og er nakinn þegar hann er í laug eða að líkamsæfingum.“ Ekki er þetta líkt því sem um anda væri að ræða. Einn segir: „Mannkynið er í þessum efnum (áhuga á því, hvernig lifað er eftir dauðann) hálfsofandi ennþá. Einn dag mun það vakna og þá verður hægt að láta það vita miklu meira. Það er skrök, þegar sagt

er, að maðurinn sé ekkert annað en hugur. Ekki er hann heldur á nokkurn hátt í líkama, sem gerður er af ljósvaka (ether). Maðurinn hefir í öðru lífi líkama af holdi og blóði.“

Þetta eru stórefirtektarverð orð, því að það er sjaldan sem „anda“ tekst að segja svona berum orðum, að framliðnir séu einmitt ekki andar, fremur en menn eru hér á jörðu.

Thomson lávarður, sem var með loftfarinu mikla R. 101, er það fórst (1920), segir frúnni mjög fróðlega frá slysinu. „Allir voru háttaðir,“ segir hann, „og engum kom nein hætta í hug fyrr en kl. 2 um nóttina, þá er hrópað „Hætta“, og allir hlupu uppúr rúmunum og fram í hinn mikla farbúðarsal. Þá kom mikill kippur, svo að allir féllu við, og þarna næst voðalegur hávaði. Og á augnabliki var ég, munduð þér segja, orðinn mjög ungur maður, eins og ég hefði allt í einu orðið ungur aftur.“ Hann fann ekkert til og segir, að hann hafi undireins misst meðvitund. „Breytingin var mjög auðveld. Og nú var dagur og ekki nótt.“ Og þarna voru menn sem föðmuðu þá að sér og hughreystu þá. Þessir menn voru í fötum, en þeir sem farist höfðu, allsnaktir, áður þessir menn, sem höfðu komið til þeirra, færðu þeim föt til að fara í. Hið hrapaða loftskip sjá þeir ekki. Þeir eru staddir á skógi vaxinni hæð. „Það er vissulega óskiljanlegt,“ segir hann, og ennfremur: „Oss var komið fyrir í vögnum, farið með oss á (járnbrautar)stöð, og vér fórum alla leið til Englands, sunðið var á kafla þurrt land; og einnig það er leyndardómur (a mystery), þar eð heimarnir virðast svo mjög vera á sama stað í geimnum.“

Þarna kemur fram mjög eftirtektarverður skilningsskortur. Hinn framliðni furðar sig á að sjá ekki neinar rústir loftskipisins sem farist hafði, og áttar sig ekki á því, að hann er kominn á aðra jarðstjörnu, sem varla er heldur von, og höfum vér sögur af því, að svo hefir fleirum farið. Hann furðar sig mjög á því, að aka skuli mega til Englands, án þess að nokkurt Ermarsund sé því til fyrirstöðu, og sést þar, að þótt til séu á þessari framlífsjörð lönd sem líkjast mjög þeim, sem eru hér á jörðu — sbr. það sem er hér áður eftir framliðnum haft — þá eru þó hnettirnir ekki alveg eins.

IV

Til er bók sem er mjög vel löguð til að gera oss skiljanlegt, hve erfiðleikarnir eru miklir, þegar reynt er að breyta hugarfarinu þannig, að horfið geti orðið frá helstefnunni. Bókin er rituð árið áður en heimsstyrjöldinni lauk, og höfundurinn er liðsforingi (major), Ripley Webb að nafni, og stafirnir M. C. (Military Cross) aftanvið sýna, að ástæða hefir þótt til að heiðra framgöngu hans. Heiti bókarinnar, *A Meaning to Life*, þ. e.: Um tilgang lífsins, sýnir undir eins, að mikið er í fang færst. Og síst kemur mér til hugar að neita því, að margt er þar merkilegt, en hinsvegar einnig mjög eftirtektarvert hvað það er sem vantar. „Heimurinn er að slíta af sér fjötra trúarbragðanna,“ segir höf. (s. 10); og ennfremur: „Hér á Englandi er kristindómurinn að hætta að vera meginstoðin í lífi þjóðarinnar. Fullkomnar sönnur hafa verið á það færðar, að mjög mikill hluti fólks hjá þessari þjóð hefir ekki hugmynd um kenningar kristindómsins.“ Og þetta er hjá þjóð, þar sem, að því er höf. segir, fyrir ekki alllöngu lá þung hegning, jafnvel dauðarefsing við því að setja fram efasemdir eða aðfinningar gagnvart þeirri bók sem kölluð er heilög ritning (s. 11). Ripley list ekki á ferðalagið. „Mannkynið er nú svo á vegi statt — segir hann — að lengra getur það ekki haldið (á þeirri leið) án þess að glatast.“ Í aðra röndina er hann þó ekki eins svartsýnn, og talar „um dögum yfir nýrri veröld“. Og bókin á að styðja að því, að sú dögum geti orðið. Og alveg rétt hefir hann fyrir sér í því, að mest af öllu ríði á því, að vér rannsökuðum sjálfa oss. S. 23 segir: „Það er óhugsandi, að skynsemi gætt líf sé bundið við einn lítilfjörlegan hnött í allri þessari vetrarbraut sólna og jarða.“ Og ennfremur: „Vér förum að skilja, hversu verið getur, að í efnisheiminum sé aragrúi af byggðum jarðstjörnum.“

Þetta er nú ekki svo óefnilegt; og þegar vér ennfremur lesum, „að vel geti hugsast, að mannkynið sjái framá, að frekari framfarir geti ekki orðið, án samstarfs þeirra, sem byggja veraldir (jarðstjörnur) sem lengra eru komnar en vor jörð er,“ þá fer oss að koma í hug, hvort þessi „great

Newness“, sem höf. talar um, kunni nú ekki að standa í sambandi við fullkomnari hugmyndir um lífið á jarðstjörnum alheimsins, eitthvað sem sé meira í ætt við Nýal en áður hefir verið. En svo er þó ekki. Fróðlegir kaflar eru þarna um lífið eftir dauðann, en fróðlegir þó einkum af því, að þeir sýna svo glögglega, hversu erfitt er að komast á hina réttu, þ. e. náttúrufræðilegu leið í þessum efnum. Þarna er talað um „spheres“ og „planes“, einmitt notuð þessi þekkingarleysisorð, sem hinir framliðnu málvinir hinnar ágætu lærdómskonu gerðu sér svo mikið far um að nota ekki, eins og áður getur hér um. Þarna eru þá einmitt hinar „guðspekilegu“ og spíritistisku hugmyndir, sem girða svo alveg fyrir, að komist geti orðið á þekkingarleiðina í þessum efnum, hina sönnu framfaraleið, þá leið, sem verður að taka, ef mannkyninu á að auðnast að hverfa frá helstefnunni. Rétt hefir höfundurinn fyrir sér í því, að mannkynið sé komið framundir foss glötunarinnar, og muni farast í honum, ef ekki verða bjargráð fundin. En um það er ekkert í bókinni, hver þau bjargráð eru. Höf. er of fjötraður af ýmsum sannfæringum trúarlegs eðlis, til að geta komið auga á þau. Hann kallar „anda“ (Spirit) það sem réttnefnt er lífmagn; og lögmál lífmagnanarinnar þekkir hann vitanlega ekki. En í styrjöldum kemur svo skýrt fram, hverja þýðingu samstillingin hefir fyrir lífmagnanina. Menn hafa aldrei hér á jörðu verið eins samstilltir og í ófriði, og aldrei unnið eins ótrúleg afreksverk og þá; en þau afrek komu fram í manndrápum og rústunum mannaverka, hvort sem um sókn var að ræða eða sigursæla vörn. Og til hinnar auknu magnanar er að rekja, a. m. k. meðfram, ýms hryðjuverk, sem svívirðileg eru jafnvel framyfir það, sem illmennum virðist trúandi til að geta unnið. En í því sambandi verður þess að gæta, að á styrjaldartímum er meira en vanalega um samband við illa tilverustaði í alheimi; en á góðum tilverustöðum eru engar styrjaldir háðar.

Hinn mikli vandi hér á jörðu er að fá allt mannkyn, eða mikinn hluta þess, til að vera samhuga um það sem rétt er og gott. En ólánið er, að það eru ekki hinir miklu menn

þjóðfélaganna, sem fundið hafa og hugsað það, sem helst horfði til að forða mannkyninu frá glötun; það hafa verið efnalega og valdalega minniháttar menn, sem helst hafa gert eitthvað í þá átt. En eins og allir vita, sem ekki eru alveg ófróðir í mannkynssögu, þá hafa allramestu menn sögunnar verið þeir, sem allramestir voru ræningjar og manndráparar, og hröðuðu þannig vegferð mannkynsins fram að feigðarbarmi við vaxandi hættur.